

22. september 2011

Athugasemd vegna brots á 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007

Þann 13. september 2011 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við ummæli Birkis Hólm Guðnasonar (BHG) vegna brots hans á 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl).

1. mgr. 123. gr. vvl. kveður m.a. á um að innherja sé óheimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir.

Samkvæmt 121. gr. vvl. er með innherja m.a. átt við fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga.

Með innherjaupplýsingum er skv. 120. gr. vvl. átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga sem skráðir hafa verið á skipulegan verðbréfamarkað, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru.

Málsatvik eru þau að þann 1. mars 2011 sendi BHG, sem framkvæmdastjóri Icelandair ehf., tölvupóst á alla starfsmenn Icelandair ehf. Í tölvupóstinum fjallar BHG m.a. um áhrif mikillar hækkunar flugeldsneytisverðs á afkomuspár Icelandair ehf. sem er dótturfélag Icelandair Group hf. sem er skráð á skipulegan verðbréfamarkað. BHG var fruminnherji í Icelandair Group hf. 1. mars sl. vegna stöðu sinnar. Upplýsingar um afkomuspár útgefanda og verulegar breytingar á þeim teljast líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga útgefanda, sbr. 120. gr. vvl. Síðar sama dag birtust ummæli Birkis í íslenskum fjölmiðlum. Veruleg lækkun, 3,6%, varð á hlutabréfum í Icelandair Group hf. í kjölfar útsendingar tölvupóstsins til lokun markaða þennan sama dag.

Þann 2. mars 2011 bar Icelandair Group hf. ummæli BHG til baka með tilkynningu til Nasdaq OMX Iceland hf. þar sem fram kemur að Icelandair Group hf. hefur ekki breytt afkomuspá sinni sem gefin var út þann 14. febrúar 2011. Jafnframt kemur fram í tilkynningunni að umfjöllun BHG frá 1. mars 2011 vísi til lækkunar á áætlaðri EBITDA fyrir árið 2011 frá rauntölum ársins 2010. Fjármálaeftirlitið gat ekki fallist á þessar skýringar, t.d. með hliðsjón af framsetningu BHG á ummælum sínum og að verð á flugeldsneyti hafði hækkað um meira en 10% frá því að afkomuspá Icelandair Group hf. var birt um tveimur vikum áður en BHG sendi tölvupóst sinn þar til 1. mars 2011.

Fjármálaeftirlitið taldi hæfilegt að gera athugasemd við ummæli BHG. Mæltist Fjármálaeftirlitið til þess við BHG að hann vandi betur til orðavals og framsetningar upplýsinga er varða skráða útgefendur á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem hann telst fruminnherji vegna stöðu sinnar.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ